



SNÆFOKSSTAÐIR Í GRÍMSNESI

Útivistarsvæði í og við Tjarnarhól

Deiliskipulag

26. mars 2020

SKILMÁLAR:

- Mörk deiliskipulags
- Byggingarreitir
- Opið svæði - Útivist
- Vegir
- Gönguleiðir
- Hreinsivirki
- Fornleifar

Hnit svæðis:
p1: X=407054.20 Y=393548.82
p2: X=407225.93 Y=393684.96
p3: X=407292.89 Y=393875.70
p4: X=407501.60 Y=394185.64
p5: X=407895.00 Y=394335.00
p6: X=408076.93 Y=394432.05
p7: X=407754.44 Y=393759.71
p8: X=407582.12 Y=393694.99
p9: X=407323.07 Y=393686.03
p10: X=407268.41 Y=393642.70
p11: X=407265.11 Y=393540.91
p12: X=407121.01 Y=393446.67


Hnit byggingareits móttökuhúss:
pa: X=407151.41 Y=393537.97
pb: X=407147.46 Y=393537.38
pc: X=407146.12 Y=393546.28
pd: X=407150.08 Y=393546.87

Hnit snyrtingar:
pe: X=407193.01 Y=393566.77
pf: X=407183.56 Y=393579.68
pg: X=407203.74 Y=393594.44
ph: X=407213.18 Y=393581.53


Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í hreppsnefnd þann _____ 20

Tillagan var auglýst frá _____ 20, með athuga-semdafresti til _____ 20

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20



Hluti úr Aðalskipulagi Grímsnes og Grafingshrepps 2008 - 2020 m.s.br.



Deiliskipulag

SKILMÁLAR:

- gr. Hér er um að ræða 32 ha svæði á jörðinni Snæfoksstaðir, í Grímsnes og Grafingshreppi. Jörðin er í eigu Skógræktarfélags Árnesinga. Nú hyggjast landeigendur, nýta svæðið undir ferðahjónustu og gera svæðið aðgengilegt fyrir ferðamenn. Tjarnarhólar í Grímsnesi liggja við eina mestu ferðamannaleið landsins (Gullna hringinn) og mikil eftirspurn er eftir spennandi afþreyingu, þar sem ferðamenn geta stoppað og skoðað áhugaverða staði. Gæti þetta verið liður í að dreifa þessum stöðum og jafna álagið á þá.
- gr. Í gildandi Aðalskipulagi Grímsnes og Grafingshrepps 2008-2020 m.s.br., er land þetta skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Í drögum að endurskoðuðu Aðalskipulagi sveitarfélagsins er gert ráð fyrir að svæðið verði skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF). Ennfremur er í Aðalskipulagi Grímsnes og Grafingshrepps 2008-2020 á svæðinu skilgreind efnisnáma, merkt E11. Hefur verið tekið efni úr henni sem fyrst og fremst er ætlað til eigin nota (heimabruks) í landi jarðarinnar.
- gr. Svæðið sem um ræðir liggur austan Biskupstungnabrautar og í suður frá Kerinu. Svæðið tilheyrir þyrpingu gjallhóla sem heita einu nafni Tjarnarhólar. Nyrst er Kerhóll (Kerið), í miðjunni er Miðhóll, og syðst er Tjarnarhóll. Mörk jarðanna Miðengi og Snæfoksstaða liggja yfir Tjarnarhólana og er hluti Kersins innan marka Snæfoksstaðajarðarinnar. Jarðfræði Tjarnarhólana er áhugaverð, en þessir gjallgígar gusu fyrir um 5000-6000 árum og við það mynduðust Grímsneshraunin. Innan veggja giganna er rautt gjall áberandi en einnig má finna aðrar bergtegundir og hraunslettur sem hafa runnið saman í lög og linsur. Hólarnir eru ekki sprengigígar heldur hafa þeir myndast yfir nokkurn tíma. Á undanförmum árum hefur verið tekið efni úr Tjarnarhólunum. Við það rask hefur landið opnast og blasa þá við margar áhugaverðar jarðmyndanir. Að öðru leyti er landið gróið, birki, lyngi og mosa og er hæsti punktur Tjarnarhóla í um 90 m h.y.s. Gott útsýni er til allra átta frá Tjarnarhólum.
- gr. Aðkoma verður frá Vaðnesvegi. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir vegi að Tjarnarhólunum. Þar er gert ráð fyrir bílastæðum fyrir rútur og fólksbíla fyrir þá sem vilja njóta svæðisins og það sem það hefur upp á að bjóða. Hjá fyrirhugaðri snyrtingu er jafnframt gert ráð fyrir bílastæðum og aðstöðu fyrir rútur.
- gr. Nálægt innkomunni inn á svæðið er afmarkaður um 36 fm byggingarreitir þar sem gert er ráð fyrir um 15 fm móttökuhúsi og 400 fm byggingarreitir þar sem heimilt er að reisa allt að 200 fm hús undir salernisaðstöðu. Frárénnsl mun tengjast inn á rotrþró. Gerð og staðsetning rotrþróar og fráveitukerfis er háð samþykki Heilbrigðisfulltrúa Suðurlands. Ganga skal frá fráveitu skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 m.s.br. Einnig er vísað í UST um rotrþrær og siturlagnir (2004). Rotrþrær og siturlagnir skulu ávallt þannig staðsettar og frágengnar að aðgengi að þeim til tæmingar, eftirlits og viðhalds sé auðvelt að teknu tilliti til aðstæðna að öðru leyti.
- gr. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að lagðir verði göngustígur um svæðið sem tengjast munu aðliggjandi göngu-stígum. Komið verður fyrir útsýnispalli á hentugum stað og upplýsingakortum um jarðfræði og sérkenni svæðisins. Einnig er gert ráð fyrir bálaskýli á svæðinu. Skógræktarfélag Árnesinga vill með deiliskipulagi þessu tryggja viðhald og náttúrutlegt yfirbragð Kerssvæðisins, jákvæða upplifun ferðamanna, vandaða innviði, bætta þjónustu, öryggi og stýringu á umferð til verndar náttúrunni.
- gr. Lögð skal áhersla á að öll hús og mannvirki fari vel í umhverfi. Þau skulu vera í jarðarlitum. Byggingarefni er að frjálssu vali.
- gr. Kalt vatn er fengið vatnsveitu sveitarfélagsins. Lögnnum, þ.m.t. lögnum fyrir neysluvatn skal komið fyrir í og við vegi eða stiga að svo miklu leyti sem hægt er, svo að sem minnst jarðrask hljóti af.
- gr. Losun sorps er í samræmi við samþykktir sveitarfélagsins hverju sinni.
- gr. Lýsingu skal halda í lágmarki, en beina henni að jörðu þar sem hún er.
- gr. Svæðið er á Náttúruminjaskrá: Kerið og Tjarnarhólar Grímsnesi. (1) Kerið og Tjarnarhólarnir ásamt hrauntröðum norðvestan og sunnan við hólana. (2) Kerið er formfagur gígur nyrst í gjallgígaröðinni sem eru Tjarnarhólar. Fallegar hrauntraðir og vinsæll áningarstaður í þjóðbraut. Í Aðalskipulagi Grímsnes og Grafingshrepps 2008 - 2020 er Kerið og nánasta umhverfi þess á hverfisverndarsvæði, merkt H1 og nær hluti af því inn á land Snæfoksstaða. Birkið á svæðinu fellur undir b. lið 1. mgr. 61. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.
- gr. Svæðið er nú þegar raskað vegna efnistöku. Áhrif af þeim framkvæmdum sem gert er ráð fyrir í deiliskipulaginu eru jákvæð, þar sem landið verður snyrt og lagað til. Göngustígur verður lagður um svæðið til að stýra straumi ferðamanna og koma í veg fyrir landskemmdir og niðurtroðning á gróðri. Þar sem svæði þetta fellur undir b. lið. mgr. 61. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem fjallað er um verndun birkis, munu framkvæmdaaðilar forðast rökun þess, nema brýna nauðsyn beri til. Á þeim stöðum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar er birkikjarr mjög takmarkað.
- gr. Fyrir liggur fornleifaskráning: Fornminjaskráning í Grímsneshreppi II, unnin af Fornleifastofnun Íslands, útgefin í Reykjavík 2001 og nánari mælingar á staðsetningu fornminja framkvæmdar sumarið 2017. Samkvæmt henni eru ekki skráðar neinar fornleifar innan deiliskipulagssvæðisins. Í 21. gr. laga um menningarmínjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangsskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.